



Samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar

1. KAFLI. MARKMIÐ.

1.1. MARKMIÐ.

1.1.1. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Akureyrarkaupstaðar þannig að þau ógni ekki öryggi akandi og gangandi vegfarenda, að þau séu íbúum bæjarfélagsins ekki til ama eða óþæginda og að þau hafi ekki spillandi áhrif á umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins.

1.1.2. Að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti.

1.1.3. Að auðvelda eftirlit með skiltum.

1.2. LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM.

1.2.1. Öryggi.

1.2.1.1. Til þess að koma í veg fyrir að skilti ógni öryggi akandi og gangandi vegfarenda eru ákvæði um fjarlægð skilta frá gatnamótum og vegbrúnum, sem og tíðni og skiptingu mynda á fletti- og veltiskiltum. Í sama tilgangi eru borðar, sem strengdir eru yfir götu, ekki leyfðir. Ákvæði, um hæð skilta frá gangstétt og hve mikið þau megi skaga fram, eru sett sérstaklega með öryggi gangandi vegfarenda í huga.

1.2.3. Íbúar.

1.2.3.1. Í samþykktinni eru ákvæði um grenndarrétt, þ.e. að íbúum sem búa í næsta nágrenni verði kynnt áformuð uppsetning skiltis. Staðsetning og útfærsla getur skert rétt íbúanna til útsýnis eða valdið þeim öðrum óþægindum.

1.2.4. Umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins.

1.2.4.1. Til þess að skilti spilli ekki umhverfi og ásýnd bæjarins eru ákvæði í samþykktinni um fjölda skilta, stærð þeirra og tímatakörk á hvað bráðabirgðaskilti fá að vera lengi uppi. Jafnframt er kveðið á um að skilti séu í góðu samræmi við umhverfi sitt.

1.2.5. Afgreiðsla.

1.2.5.1. Reglurnar kveða á um hvaða skilti og auglýsingar eru háð leyfisveitingu og hver ekki þannig að mál komi einungis til afgreiðslu embættis skipulagsstjóra þegar við á.

2. KAFLI. GILDISSVIÐ.

2.1. Samþykkt þessi gildir um skilti og auglýsingar innan lögsögu Akureyrarkaupstaðar.

2.2. Samþykktin gildir um hvers konar skilti, auglýsingar og breytingar á þeim.

2.3. Undanþegin eru þó:

- a) umferðarmerki sem sett eru upp af bænum eða Vegagerðinni.
- b) auglýsingar innanhúss enda séu þær staðsettar a.m.k. einum metra innan við glugga eða hurðarop þegar þær eru sýnilegar utan frá.
- c) auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar sem hefur fengið byggingarleyfi þannig útfærð.

2.4. Ákvæði um skilti og auglýsingar sem fram koma í deiliskipulagi eru rétt hærrí ákvæðum þessarar samþykktar.

2.5. Hver sá, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta, getur innan eins mánaðar frá því að honum var kunnugt um ákvörðun skipulagsstjóra varðandi auglýsingaskilti, skotið þeirri ákvörðun til úrskurðar skipulagsnefndar. Um málskot fer að öðru leyti eftir 59. gr. mannvirkjalaga nr. 160, 2010, með síðari breytingum.

3. KAFLI. HUGTÖK OG FLOKKUN.

- 3.1. Með orðunum skilti og auglýsing og öðrum samsvarandi orðum er í samþykkt þessari átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk á borðum, spjöldum og öðrum sambærilegum tilfæringum, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vöru, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma, hvort þau eru á einkalóð, opinberu svæði eða mannvirki eða hvernig þeim er komið fyrir, t.d. hvort þau eru máluð á húsvegg, mynduð með lýsingu eða með öðrum sambærilegum hætti.
- 3.2. Með orðinu þjónustuskilti er átt við skilti sem sýnir nafn og heimilisfang íbúa, heiti fyrirtækis, vörumerki þess, þjónustu, starfsemi eða vöru sem það hefur á boðstólum og komið er fyrir á eigin lóð eða við starfsstöð auglýsandans.
- 3.3. Með orðunum upplýsingaskilti og fræðsluskilti er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsingar og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum, leiksvæðum og við innkomuleiðir í bæinn.
- 3.4. Með orðinu auglýsingaskilti er átt við skilti sem sett er upp innan lóðar sem tengist ekki starfsemi á lóðinni eða er utan lóðar og er ekki viðburðaskilti.
- 3.5. Með orðinu viðburðaskilti er átt við skilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, kosningum, ráðstefnum, mótum og keppni og skiltum sem sett eru upp vegna byggingar- eða gatnaframkvæmda og tilgreina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum.
- 3.6. Með orðinu flettiskilti er átt við skilti þar sem skipt er um mynd á skiltinu með stuttu millibili á vélrænan hátt.
- 3.7. Með orðinu ljósaskilti er átt við skilti þar sem form eða texti eru mynduð með ljósum eða öðrum samsvarandi hætti.
- 3.8 Þau skilti sem ekki eru fest við hús eru nefnd frístandandi skilti.
- 3.9. Með orðinu lausaskilti er átt við skilti eða auglýsingu sem ekki er með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki (gormaskilti - dagskilti).
- 3.10. Með orðinu ratmerki er átt við skilti sem upplýsa um stað eða leið að tiltekinni þjónustu eða fyrirtæki.
- 3.11. Með orðinu veggspjald er átt við plakat sem hægt er að líma eða festa á annan hátt á húsvegg eða til þess gerða standa.
- 3.12. Með orðinu leyfi er átt við byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð.
- 3.13. Með stærð skilta er átt við heildarumfang auglýsinga, þ.e. heildarbreidd, heildarhæð o.s.frv. án festinga.
- 3.14. Flokkun svæða í 6. til 8. kafla byggist á aðalskipulagi Akureyrar, Hríseyjar og Grímseyjar sem er í gildi á hverjum tíma. Miðað er við að hver landnotkunarflokkur sé aðallandnotkunarflokkur á viðkomandi svæði eða annar tveggja landnotkunarflokka.
- 3.15. Miðbær Akureyrar er skilgreindur í þessari samþykkt eins og hann er afmarkaður í aðalskipulagi á hverjum tíma.
- 3.16. Svæði fyrir frístundabyggð teljast til íbúðarsvæða.
- 3.17. Svæði fyrir þjónustustofnanir eru nefnd stofnanasvæði í samþykktinni.
- 3.18. Flokkun í stofnbrautir, tengibrautir og aðrar götur í 8. kafla byggir á flokkun aðalskipulags Akureyrar á hverjum tíma.

4. KAFLI. UMSÓKNIR OG LEYFISVEITING.

4.1. UMSÓKNIR.

4.1.1. Hver sá sem óskar leyfis til að setja upp eða koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn á þar til gerðu eyðublaði til skipulagsstjóra þar sem fram kemur:

- a) Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltis eða auglýsingar.
- b) Heiti lóðar sem umsóknin tekur til.
- c) Nafn, kennitala og heimilisfang þess sem hannar skilti eða auglýsingu.

Hverri umsókn skal fylgja eftirfarandi :

- a) Málsett afstöðumynd í mkv. 1:500 sem sýnir staðsetningu skiltis eða auglýsingar þar sem við á.
- b) Útlitsmyndir og sneiðingar í mkv. 1:50 og ljósmyndir eftir því sem við á auk texta sem á að vera á skilti eða auglýsingu.
- c) Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis.
- d) Gerðarvottun raffanga þegar við á.
- e) Undirritað samþykki lóðarhafa eða meðlóðarhafa eftir því sem við á.
- f) Aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar.

4.1.2. Um rétt til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af skiltastöndum og burðarvirkjum eða byggingarhlutum er kunna að fylgja skiltum fer eftir ákvæðum 25. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

4.1.3. Um rétt til þess að setja upp skilti og auglýsingar fer eftir ákvæðum 32. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

4.2. LEYFISVEITING.

4.2.1. Skipulagsstjóri veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði þessarar samþykktar. Skipulagsstjóri getur vísað umsókn til skipulagsnefndar til afgreiðslu. Umsóknir um leyfi fyrir fletti- og ljósaskiltum skulu þó jafnan lagðar fyrir skipulagsnefnd.

4.2.2. Skipulagsstjóri getur heimilað uppsetningu viðburðaskilta og skulu þau ekki sett upp fyrr en 3 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður eigi síðar en tveimur dögum eftir viðburð.

4.2.3. Skipulagsstjóri/Skipulagsnefnd geta gefið tímabundin leyfi fyrir skiltum og auglýsingum.

4.2.4. Leyfisgjald skal fara eftir gjaldskrá Akureyrarkaupstaðar eins og hún er á hverjum tíma.

4.2.5. Óheimilt er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, fyrr en formlegt leyfi hefur verið gefið út.

4.2.6. Staðfesting bæjarstjórnar fellur úr gildi hafi leyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.

4.2.7. Leyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess.

5. KAFLI. EFTIRLIT.

5.1. EFTIRLIT.

5.1.1. Skipulagsstjóri annast eftirlit með skiltum og auglýsingum og leyfum fyrir þeim í umboði skipulagsnefndar. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum. Þegar skilti (auglýsing) er sett upp innan lóðar án leyfis og/eða stríðir gegn ákvæðum þessarar samþykktar, skal skipulagsstjóri skora skriflega á eiganda/eigendur þess eða lóðarhafa ef eigandi er ókunnur, að sækja um leyfi fyrir því innan tímamarka sem skipulagsstjóri ákveður og sem skulu að jafnaði ekki vera skemmri en tvær vikur. Verði eigandi skiltis, eða eftir atvikum lóðarhafi, ekki við áskorun skipulagsstjóra eða telji

skipulagsstjóri hættu stafa af óleyfis-skilti, skal fara með slík mál eftir ákvæðum X. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010. Skilti sem sett eru upp án leyfis utan lóða verða fjarlægð án viðvörunar.

6. KAFLI. SKILTI SEM ERU ÓHÁÐ LEYFUM.

Ákvæði í þessum kafla eru háð takmörkunum í kafla 8 og 9.

6.1. ÍBÚÐARSVÆÐI.

6.1.1. Skilti sem sýna nafn og heimilisfang ábúenda á íbúðalóð.

6.1.2. Skilti fyrirtækja eða opinberra stofnanna innan lóðar viðkomandi í íbúðarhverfum sem segja til um nafn og/eða starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar og eru ekki stærri en 1,5 m².

6.1.3. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu eignar og eru ekki stærri en 0,5 m² og aðeins eitt á hverri eign.

6.1.4. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3,0 m². Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbýggjenda og áætluð verklok og þau skal fjarlægja þegar við lok framkvæmda. Skipulagsstjóri getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

6.1.5. Skilti sem sýnir deiliskipulag svæðis og er ekki stærra en 3,0 m². Aðeins skal leyfa eitt skilti við megin innkeyrslu svæðis og má ekki reisa það fyrr en deiliskipulagið hefur verið samþykkt. Það skal ekki standa lengur uppi en 1 ár.

6.2. STOFNANASVÆÐI.

6.2.1. Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi og afgreiðslutíma stofnanna og eru ekki stærri en 2 m².

6.2.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis á stofnanasvæðum og eru ekki stærri en 0,75 m² og aðeins eitt á hverri eign.

6.2.3. Að öðru leyti eru öll þau skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á íbúðarsvæðum einnig óháð leyfi á stofnanasvæðum. [sjá 6.1]

6.3. ATHAFNA-, IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐI.

6.3.1. Þjónustuskilti sem eru ekki stærri en 3,0 m².

6.3.2. Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru óháð leyfi á stofnanasvæðum einnig óháð leyfi á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum. [sjá 6.1 og 6.2]

6.4. MIÐBÆR AKUREYRAR, VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI.

6.4.1. Í miðbæ og á verslunar- og þjónustusvæðum er heimilt að setja upp lausaskilti á lóðarmörkum eða við, einkum þar sem byggingar ná að lóðarmörkum. Lausaskilti skulu að jafnaði aðeins standa úti á opnunartíma starfsstöðvar. Stærð þeirra skal vera innan við 0,75 m² og aldrei breiðari en 50 cm og skal standur þeirra vera innan 0,5 metra radíus. Staðsetja skal lausaskilti við starfsstöð þannig að umferð vegfarenda sé greið og hindrunarlaus. Þar sem skilti eru sett á gagnstéttir og stíga skal minnsta óhindraða gönguleið ávallt vera 120 cm. Skiltin skulu sett sem næst húshlið og aldrei við götubrún.

6.4.2. Matseðlar veitingahúsa eru óháðir leyfi enda séu þeir staðsettar á húsinu eða við húsið, hóflegir að umfangi og ætlaðir til lesturs úr lítilli fjarlægð.

6.4.3 Auglýsingar kvikmyndahúsa eru óháðar leyfi enda séu þær staðsettar á húsinu eða við húsið, hóflegar að umfangi, hefðbundin plakatstærð, og fjöldi í samræmi við fjölda sala og kvikmynda í sýningu.

6.4.4. Að öðru leyti eru öll þau skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á stofnanasvæðum einnig óháð leyfum í miðbæ Akureyrar og á verslunar- og þjónustusvæðum. [sjá 6.1 og 6.2]

6.5. OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA, FRIDLÝST SVÆÐI OG ALMENN ÚTIVISTARSVÆÐI.

6.5.1. Skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingu, gönguleiðir, örnefni, útivistaraðstöðu og fræðslu um sögu og náttúru svæðisins og ekki eru stærri en 3 m² á hverju svæði.

6.6. ÍPRÓTTASVÆÐI.

6.6.1. Auglýsingar á íþróttaleikvöngum sem snúa inn á við, að leikvanginum, eru óháðar leyfum.

6.6.2. Að öðru leyti eru öll þau skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á íbúðarsvæðum einnig óháð leyfi á íþróttasvæðum. [sjá 6.1]

7. KAFLI. SKILTI SEM ERU HÁÐ LEYFUM.

Skilti sem eru háð leyfi geta verið háð takmörkunum í kafla 8 og 9.

7.1. ÍBÚÐARSVÆÐI.

7.1.1. Skilti fyrirtækja eða stofnanna sem eru stærri en 1,5 m² eru háð leyfi. Ekki skal veita leyfi fyrir öðrum skiltum en þjónustuskiltum sem eiga við viðkomandi lóð og skulu þau ekki fara yfir neðangreind mörk:

- a) Skilti á vegum opinberra fyrirtækja og stofnanna má vera 2,5 m² að hámarki. Ekki skulu vera fleiri en eitt skilti á hverri lóð.
- b) Skilti annarra verslunar- og þjónustufyrirtækja: Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 2,5 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

7.1.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu eignar og eru stærri en 0,5 m² og/eða fleiri en eitt á eign.

7.1.3. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3,0 m².

7.1.4. Skilti sem sýna deiliskipulag svæða og eru stærri en 3,0 m².

7.1.5. Fletti- eða ljósaskilti eru ekki leyfð á íbúðarsvæðum.

7.2. STOFNANASVÆÐI.

7.2.1. Skilti sem eru stærri en 2 m² eru háð leyfi. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 3,0 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 3,0 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

7.2.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru stærri en 0,75 m² og/eða fleiri en eitt á eign eru háð leyfi.

7.2.3. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3,0 m². Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbýggjenda og áætluð verklok. Þau skal fjarlægja við lok framkvæmda. Skipulagsstjóri getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

7.2.4. Að öðru leyti eru öll skilti sem eru háð leyfi á íbúðarsvæðum háð leyfi á stofnanasvæðum. [sjá 7.1]

7.3. ATHAFNA-, IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐI.

7.3.1. Þjónustuskilti sem eru stærri en 3,0 m² eru háð leyfi. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 6,0 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 6,0 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar.

7.3.2. Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru háð leyfi á stofnanasvæðum háð leyfi á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum. [sjá 7.1 og 7.2]

7.4. MIÐBÆR AKUREYRAR, VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI.

7.4.1. Þjónustuskilti sem eru stærri en 2 m² eru háð leyfi. Einstök skilti skulu ekki vera stærri en 6,0 m². Samanlögð stærð skilta skal ekki fara yfir 8,0 m² fyrir hverja 1000 m² lóðar eða 1000 m² húss hvors sem stærra er.

7.4.2. Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru stærri en 0,75 m² og/eða fleiri en eitt á eign skal háð leyfi.

7.4.3. Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru stærri en 3,0 m². Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbýggjenda og áætluð verklok. Þau skal fjarlægja við lok framkvæmda. Skipulagsstjóri getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

7.4.4. Skilti sem sýna deiliskipulag svæða og eru stærri en 3,0 m².

7.4.5. Við veitingu leyfa í miðbæ Akureyrar skal gæta þess að skilti falli vel að umhverfinu og séu í samræmi við byggingarstíl húss bæði hvað varðar gerð og litaval. Einnig að skilti falli að þeim línunum sem lagðar verða í miðbæjarskipulagi.

7.5. OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA, FRIDLÝST SVÆÐI OG ALMENN ÚTIVISTARSVÆÐI.

7.5.1. Upplýsingaskilti sem eru stærri en 3 m² eru háð leyfi. Aðeins eru leyfð skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingu, gönguleiðir, hjólaleiðir, reiðleiðir, örnefni og útivistaraðstöðu, fræðslu um sögu og náttúru svæðanna og skilti sem gefa til kynna bann við umferð vélknúinna ökutækja, hjóla, hesta og hunda.

7.6. VIÐBURÐASKILTI.

7.6.1. Öll viðburðaskilti eru háð leyfi. Um staðsetningu þeirra gilda sömu reglur um stærð og afstöðu til umferðargatna og um önnur skilti. Um tímalengd leyfisveitingar fer eftir grein 4.2.2.

7.7. SKILTI UTAN LÓÐAR.

7.7.1. Öll skilti utan lóða eru háð leyfi, sjá þó 6.4. um lausaskilti.

7.8. ÍÞRÓTTASVÆÐI.

7.8.1. Auglýsingaskilti sem ekki snúa að íþróttaleikvangnum eru háð leyfi. Hámarks auglýsingaflötur er 20 m² og hámarksfjöldi skilta 5.

7.8.2. Að öðru leyti eru öll skilti sem eru háð leyfi á stofnanasvæðum háð leyfi á íþróttasvæðum. [sjá 7.1 og 7.2]

8. KAFLI. TAKMARKANINIR Á LEYFISVEITINGUM.

Í þessum kafla eru tilgreind þau atriði sem takmarka leyfisveitingu vegna stærðar, gerðar og staðsetningar skilta.

8.1. RATMERKI.

8.1.1. Uppsetning ratmerkja er bönnuð.

8.1.2. Þó skal heimilt að setja upp leiðbeiningarkort af bænum, einstökum bæjarhlutum eða hverfum, á þeim stöðum sem skipulagsnefnd ákveður í samráði við skipulagsstjóra. Skal jafnframt tryggja að öllum auglýsendum og opinberum aðilum gefist kostur á að koma upplýsingum á framfæri. Heimilt er að leyfa félögum, samtökum og/eða einkaaðilum að sjá um uppsetningu og rekstur leiðbeiningarkorta.

8.2. MIÐBÆR AKUREYRAR.

8.2.1. Fletti- og ljósaskilti eru ekki leyfð í miðbæ Akureyrar.

8.2.2. Ekki er heimilt að strengja borða á milli húsa og/eða yfir götu í miðbæ Akureyrar.

8.2.3. Veggspjöld er einungis heimilt að líma upp á þar til gerðum skiltastöndum í eigu Akureyrarkaupstaðar.

8.2.4. Ekki er heimilt að setja s.k. skiltasamlökur á gangstéttir eða annað land utan lóða. Sjá þó um lausaskilti í 6.4.1.

8.3. FRIDLÝST SVÆÐI, VERNDUÐ SVÆÐI, ALMENN ÚTIVISTARSVÆÐI, GARÐSVÆÐI OG LEIKSVÆÐI.

8.3.1. Fletti- og ljósaskilti eru ekki leyfð á friðlýstum svæðum, vernduðum svæðum, almennum útivistarsvæðum og leiksvæðum.

8.4. STOFN- OG TENGIBRAUTIR.

8.4.1. Skilti önnur en umferðar- og vegvísunarmerki eru ekki leyfð á helgunarsvæðum stofn- og tengibrauta nema þau séu innan lóðar.¹

8.4.2. Ekki eru leyfð frístandandi skilti sem snúa að stofn- og tengibrautum nær vegbrún gatnamóta eða gangbraut en 30 m eða nær vegbrún götu en 2 m. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísunum eða öðrum umferðarbúnaði en 20 m. Ef hámarkshraði á stofn- eða tengibraut er 60 km/klst má auglýsingaskilti á standi ekki vera nær umferðar- og vegvísunum eða öðrum umferðarútbúnaði en 30 m og ef hámarkshraði er 70 km/klst þá ekki nær en 40 m.

8.4.3. Ekki eru leyfð fleiri en eitt frístandandi skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema lóðin sé lengri en 200 m í stefnu samsíða stofn- eða tengibraut.

8.4.4. Áberandi ljósaskilti með blikkandi ljósum eða hreyfimyndum sem snúa að stofn- eða tengibrautum eru óheimil.

8.5. SAFN- OG HÚSAGÖTUR.

8.5.1. Á lóðum sem liggja að safn- og húsagötum er óheimilt að setja upp frístandandi skilti, sem eru stærri en 2 m², nær vegbrún gatnamóta en 15 m ef gatan mætir stofn- eða tengibraut. Annars staðar er óheimilt að setja upp skilti nær vegbrún gatnamóta en 5 m enda skerði þau ekki sjónlínur vegfarenda. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísunum eða öðrum umferðarútbúnaði en 20 m.

8.5.2. Ekki eru leyfð fleiri en eitt frístandandi skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema að lóðin sé lengri en 70 m í stefnu samsíða götu.

9. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI.

9.1. LÖG OG REGLUGERÐIR.

9.1.1. Ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010 og þeirra reglugerða sem settar verða á grundvelli þeirra, gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt þessari samþykkt.

9.2. LÓÐARHAFAR.

9.2.1. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti eða auglýsingu fyrir á lóð. Þegar um er að ræða fjöleignarlóð skal skipulagsstjóri fara fram á að umsækjandi leggi fram skriflegt samþykki lóðarhafa skv. lögum um fjöleignarhús nr. 26, 1994. Skipulagsstjóri skal gefa nágrönnum kost á að tjá sig um uppsetningu skilta telji hann að þeir eigi hagsmuna að gæta. Hann getur einnig lagt fyrir umsækjanda að afla samþykkis tiltekinna nágranna.

9.2.2. Skilti skulu staðsett innan lóðarmarka viðkomandi lóðar nema í sérstökum undantekningartilvikum t.d. skilti með upplýsingum um bílastæði eða þar sem lóðarmörk eru við húsvegg. Við staðsetningu slíkra skilta skal þess jafnan gætt að þau gangi ekki á rétt nágranna og skapi ekki slyshættu og skal í öllum tilvikum sækja um leyfi fyrir þeim. Þetta á einnig við þegar skilti skagar út fyrir lóðarmörk.

9.3. SAMRÆMING.

9.3.1. Við hönnun skilta skal tekið tillit til nálægra mannvirkja og gætt samræmis við skilti sem fyrir eru á lóð og fjölda þeirra.

¹ Helgunarsvæði stofnbrauta er samkvæmt vegalögum er almennt 60 m breitt en 30 m í þéttbýli.

9.4. HÁMARKSHÆÐ SKILTA OG ÚTSTÆÐ SKILTI.

9.4.1. Efsti hluti skiltis sem fest er á hús skal ekki vera hærri en mesta leyfilega hæð húss samkvæmt skipulagi.

9.4.2. Mesta hæð frístandandi skiltis má þó aldrei vera meiri en 8 m miðað við gólfkóta 1. hæðar næsta húss á sömu lóð.

9.4.3. Útstæð skilti skulu vera minnst 4,20 m yfir akbraut eða akfærum stígum eða bílastæðum og a.m.k. 2,60 m yfir göngustígum og gangbrautum.

9.4.4. Skilti má ekki skaga meira fram en 0,75 m frá húshlið.

9.4.5. Á flettiskiltum og ljósaskiltum skal ekki líða minna en ein mínúta frá því að ein auglýsing birtist og þar til sú næsta birtist. Það á þó ekki við um tölvustýrð ljósaskilti, sem byggjast á hreyfimyndum.

9.5. ÖRYGGI.

9.5.1. Skilti mega ekki vera þannig útfærð að þau líkist vegvísum og öðrum umferðarmerkjum á nokkurn hátt eða þannig staðsett að þau hindri útsýn við gangbrautir og innkeyrslur. Ef breytingar verða á gatnamótum eða nauðsynlegt reynist að breyta umferðarmerkingum skulu eigendur skilta fara þau þannig að þau uppfylli ákvæði þessarar samþykktar.

10. KAFLI. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

10.1. ELDRI SKILTI.

10.1.1. Skipulagsstjóri getur krafist þess að eldri skilti (auglýsingar), sem sett hafa verið upp án leyfis fyrir gildistöku þessarar samþykktar, skuli fjarlægð þegar í stað ef þau hafa að hans mati truflandi áhrif á umferð eða valda verulegum umhverfisspjöllum. Að öðru leyti skal fara með þessi skilti skv. ákvæðum X. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

10.1.2. Skipulagsstjóri skal með almennri auglýsingu í dagblöðum gefa eigendum annarra eldri óleyfisskilta (-auglýsinga), sem uppfylla kröfur þessarar samþykktar, kost á að sækja um leyfi fyrir þeim innan eins árs frá birtingu auglýsingarinnar. Í auglýsingu skipulagsstjóra skal koma fram, að eftir lok frestsins geti skipulagsstjóri, skv. heimild í X. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010, látið fjarlægja óleyfisskilti (-auglýsingar) án frekari fyrirvara á kostnað eigenda þeirra.

10.1.3. Skipulagsstjóri getur, þegar sérstaklega stendur á veitt undanþágur frá þessari samþykkt varðandi eldri skilti.

10.1.4. Þau leyfi sem gefin hafa verið fyrir skiltum fyrir gildistöku þessarar samþykktar verða áfram í gildi.

11. KAFLI. HEIMILD TIL UN DANTEKNINGA.

11.1. HEIMILD TIL UN DANTEKNINGA.

11.1.1. Skipulagsstjóri getur vikið frá ákvæðum um staðsetningu og stærð skilta þegar sérstakar ástæður mæla með því. Leita skal umsagnar skipulagsnefndar og ef við á: framkvæmdadeildar, Akureyrarhafnar, Flugstöða og Vegagerðarinnar.

12. KAFLI. REFSIÁKVÆÐI.

12.1. REFSIÁKVÆÐI.

12.1.1. Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum skipulagsstjóra eða skipulagsnefndar innan tilskilins frests, eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum þessarar samþykktar, getur skipulagsstjóri beitt ákvæðum X. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010.

13. KAFLI. GILDISTÖKUÁKVÆÐI.

13.1. GILDISTÖKUÁKVÆÐI.

13.1.1. Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í skipulagsnefnd 29. júní 2011

Samþykkt í bæjarráði 7. júlí 2011*

Akureyri, 10. ágúst 2011

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður

* Í samræmi við 7. og 47. grein samþykktar um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar samþykkir bæjarstjórn að í júlí og ágúst 2011 sé bæjarráði heimiluð fullnaðarafgreiðsla þeirra mála sem það telur nauðsynlegt að fái afgreiðslu og lög mæla ekki gegn, vegna sumarleyfis bæjarstjórnar.

Efnisorðalisti

Athafnasvæði	6.3, 7.3
Auglýsingaskilti	2.5, 3.4, 7.8.1
Borðar á milli húsa/yfir götu	1.2.1.1, 8.2.2
Bráðabirgðaskilti	1.2.4.1
Deiliskipulag	6.1.5, 7.1.4, 7.4.4
Eftirlit	5.1
Eldri skilti	10.1
Fjarlægð frá gatnamótum	1.2.1, 8.4, 8.5
Flettiskilti	3.6, 9.4.5
Flokkun svæða	3.14, 3.18
Flugvallarsvæði	11.1
Friðlýst svæði	3.3, 6.5, 7.5, 8.3
Frístandandi skilti	3.8, 8.4.2, 8.4.3, 9.4.2
Fræðsluskilti	3.3, 6.5, 7.5
Garðsvæði	8.3
Gildissvið	2.
Gildistökuákvæði	10.1.1, 10.1.4, 13.1
Grenndarréttur	1.2.3, 9.2.1
Hafnarsvæði	6.3, 7.3, 11.1
Hámarkshæð og útstæð skilti	9.4
Heimild til undantekninga	11.1
Iðnaðarsvæði	6.3, 7.3
Íbúðarsvæði	6.1, 7.1, 3.16
Íþróttasvæði	6.6, 7.8
Kvikmyndahús	6.4.3
Lausaskilti	3.9, 6.4.1, 7.7, 8.2.4
Leiðbeiningakort	8.1.2
Leiksvæði	8.3
Leyfisgjald	4.2.4
Leyfisveiting	3.12, 4.2, 8.
Ljósaskilti	3.7, 4.2.1, 7.1.5, 8.2.1, 8.3.1, 8.4.4, 9.4.5
Lóðarhafar	4.1.1. e), 5.1, 9.2
Lög	2.5, 9.1, 9.2.1

Miðbær	3.15, 6.4, 7.4, 8.2
Nýbyggingar	6.1.4, 7.1.3, 7.2.3, 7.4.3
Opin svæði	6.5, 7.5
Óleyfisaskilti	5.1
Ratmerki	3.10, 8.1
Refsiákvæði	12.1
Reglugerðir	9.1
Réttindi til að hanna og setja upp skilti	4.1.2, 4.1.3
Safn- og húsagötur	8.5
Sala eða leiga	6.1.3, 6.2.2, 7.1.2, 7.2.2
Samræming	9.3
Skiltasamlokur	8.2.4
Skiltastandar	4.1.2, 8.2.3
Skilti háð leyfum	7.
Skilti óháð leyfum	6.
Stofn- og tengibrautir	8.4, 8.5
Stofnanasvæði	3.17, 6.2, 7.2
Stærð skilta	3.13
Takmarkanir	8.
Umferðarmerki	2.3
Umsóknir	4.1, 4.2
Undanþágur	2.3, 9.2.2, 10.1.3, 11.1.1
Upplýsingaskilti	3.3, 6.1.4, 6.1.5, 7.5.1, 8.1.2
Útan lóðar	3.4, 5.1, 7.7, 8.2.4
Útivistarsvæði	3.3, 6.5, 7.5, 8.3
Veggspjöld	3.11, 8.2.3
Veitingahús	6.4.2
Vernduð svæði	8.3
Verslunarsvæði	6.4, 7.4
Viðburðaskilti	3.4, 3.5, 4.2.2, 7.6
Þjónustuskilti	3.2, 6.3.1, 7.1.1, 7.3, 7.4
Þjónustusvæði	6.4, 7.4
Öryggi	1.1, 1.2.1, 9.5